



EKKO* vinnustofa fyrir eigendur og stjórnendur lögmannsstofa og aðra félagsmenn sem gegna stjórnunarstörfum

*Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi

Góð samskipti á vinnustað eru einn af hornsteinum starfsánægju

Tilgangur vinnustofu er að efla, þjálfva og viðhalda færni stjórnanda til að takast á við tiltekin verkefni í starfi sem tengjast EKKO málaflokknum. Farið er yfir skilgreiningar samkvæmt reglugerð, birtingamynd á vinnustað, viðeigandi verkferla og þjálfun í réttum viðbrögðum. Að lokinni vinnustofu á stjórnandi að vera meðvitaður um ábyrgðarhlutverk sitt gagnvart sálfélagslegri vellíðan starfsfólks á vinnustað og kunna viðeigandi viðbrögð.

Fyrirlesari er Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingur MSc og sérfræðingur í vinnuvernd.

Mælst er til að þátttakendur mæti en námskeiðið verður þó einnig í boði rafrænt fyrir þá sem ekki komast.

Drög að dagskrá

- Tilgangur stefnu og skilgreiningar
- Algengar orsakir, birtingamynd og þróun á EKKO
- Mögulegar afleiðingar
- Fyrstu viðbrögð stjórnenda í EKKO málum
- Verkferlar og aðkoma stjórnenda
- Einkenni fólks sem hefur upplifað EKKO
- Sálræn skyndihjálp

Við lok handleiðslu á stjórnandi að

- Vera meðvitaður um ábyrgðarhlutverk sitt gagnvart sálfélagslegu öryggi starfsfólks á vinnustað
- Þekkja tilgang og markmið EKKO stefnu
- Þekkja ítarlega hugtökin: Áreitni, einelti, ofbeldi
- Búa yfir þekkingu til að sinna forvörnum á vinnustað er varða einelti, ofbeldi eða áreitni
- Þekkja eðlileg viðbrögð fólks ef slík mál koma upp
- Kunna mikilvæg viðbrögð stjórnenda við slíkum aðstæðum

Fyrirlesari: Ragnhildur Bjarkadóttir, sálfræðingur hjá Auðnast

Staðsetning: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Dagsetning: 2. mars 2022

Tími: 09:00-12:00